

**Ed.**

**614. Breytingartillögur**

**[281. mál]**

við frv. til laga um almannatryggingar.

Frá Einari Ágústssyni.

1. Við 43. gr.
  - a. Aftan við staflið h. komi nýr stafliður, þannig:
    - i. Tannlækningar að  $\frac{3}{4}$  hlutum, þegar þær teljast bein heilsufarsleg nauðsyn, og skal setja um það nánari ákvæði í reglugerð.
  - b. Orðin „svo og greiðslu fyrir tannlækningar“ í síðustu málsgrein falli niður.
2. Við 45. gr.
  - a. 1. málsliður orðist svo:

Leita skal staðfestingar Tryggingastofnunar ríkisins á samningum, sem sjúkrasamlög gera við lækna, tannlækna, lyfjabúðir og heilbrigðisstofnanir um greiðslur til fullnægingar ákvæðum 42. greinar.
  - b. Fyrsti málsliður 2. málsg. orðist þannig:

Náist ekki samkomulag við lækna eða tannlækna, skal gerðardómur ákveða sammingskjörin.
  - c. Í stað orðanna „samkvæmt 43. gr. a og b“ á tveim stöðum síðar í 45. grein komi: samkvæmt 43. gr. a, b og i.